

**62. þing Sundsambands Íslands
Efstaleiti 7, Reykjavík
24. og 25. mars 2017**

Þingskjal nr: 2017 - 15

62. þing Sundsambands Íslands haldið í Efstaleiti 7, Reykjavík, 24. og 25. mars 2017

staðfestir meðfylgjandi Handbók SSÍ (þingskjal 9a) og felur stjórn SSÍ að uppfæra hana og viðhalda, í samræmi við aðrar samþykktir Sundþings, aðstæður hverju sinni og eðlilegum breytingum sem verða á umhverfi sundíprótta á Íslandi.

Greinargerð

Handbók SSÍ hefur verið lögð fram til kynningar og staðfestingar á undanförunum sundþingum.

Handbókin er lifandi skjal þar sem tekið er á ýmsum formlegum og óformlegum atriðum í starfi SSÍ. Í útgáfum fram að þessu hefur megináherslan verið lögð á keppnissund og landsliðsstarf, en rætt hefur verið um nauðsyn þess að bæta við fleiri köflum til að ná yfir starfssemi SSÍ í heild.

Handbókin hefur verið aðgengileg á heimasíðu SSÍ og verður það áfram. Hún hefur einnig verið lögð fram á formannafundum og send forsvarsfólki félaga bæði til upplýsingar en ekki síður til að kalla eftir athugasemdum. Það er skemmst frá því að segja að athugasemdir hafa ekki komið fram.